

BORGARRÁÐ

Ár 2017, þriðjudaginn 14. desember, var haldinn 5483. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.05. Viðstödd voru auk borgarstjóra: Sigurður Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Kristín Soffía Jónsdóttir, Kjartan Magnússon, Áslaug María Friðriksdóttir og áheyrnarfulltrúinn Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Birgir Björn Sigurjónsson, Ólöf Örvarsdóttir, Hallur Símonarson, Ebba Schram, Hrólfur Jónsson, Pétur Ólafsson og Linda Sif Sigurðardóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð ferlinefndar fatlaðs fólks frá 7. desember 2017. R17010032
2. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 8. desember 2017. R17010004
3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Hlíða frá 23. nóvember 2017. R17010010
4. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Miðborgar frá 7. desember 2017. R17010013
5. Lögð fram fundargerð innkauparáðs frá 7. desember 2017. R17010015
6. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. desember 2017. R17010021
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.
7. Lagðar fram fundargerðir verkefnisstjórnar miðborgarmála frá 14. og 28. nóvember 2017. R17050116
8. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 7 mál. R17120013
9. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013. R17120011
10. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs. R17010042
Samþykkt að veita Hollvinasamtökum dráttarbátsins Magna styrk að fjárhæð kr. 3.500.000.- vegna viðgerða og varðveislu dráttarbátsins Magna.
11. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. desember 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. desember 2017 á auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðar nr. 66 við Einarsnes. R17120061
Samþykkt.
- Kl. 9.25 vikur Ólöf Örvarsdóttir af fundinum.
12. Lagt fram bréf borgarlögmans, dags. 11. desember 2017, varðandi erindi Valsmanna hf., dags. 7. desember sl., þar sem óskað er eftir breytingu á veð- og tryggingarstöðu veðskulda Valsmanna hf. þannig að Reykjavíkurborg gefi eftir fyrsta veðrétt á lóðinni Hlíðarendi 9-15 auk þess sem skuldabréfið hvílir nú einnig á 1. veðrétti á lóðinni Hlíðarendi 2. R17120055
Samþykkt.
13. Lagt fram bréf innri endurskoðanda, dags. 16. nóvember 2017, varðandi endurskoðun starfsreglna innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar, ásamt tillögu að uppfærðum starfsreglum. R16100284

Samþykkt.

14. Lagt fram bréf innri endurskoðanda, dags. 17. nóvember 2017, varðandi innri endurskoðunaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar 2018-2019, ásamt endurskoðunaráætlun, dags. í nóvember 2017. R17120062
15. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120074
Vísað til umsagnar velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.
16. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sjálfkeyrandi bíla, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120075
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.
17. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagningu battavalla, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120076
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs og skóla- og frístundaráðs.
18. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um undirbúning vegna viðbyggingar við Háteigsskóla og Melaskóla, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120077
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs og skóla- og frístundasviðs.
19. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna manneklu í leikskólum, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120078
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.
20. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna manneklu og þjónustuskerðingar í leikskólum, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120079
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.
21. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sumarstörf fyrir nemendur 8. bekkjar, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120081
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
22. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg skólaskil, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120080
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.
23. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skólagarða, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120082
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
24. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnaðarlausa framhaldsskólaáfanga, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120083
Vísað til umsagnar skóla- og frístundaráðs.

25. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. desember 2017, varðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hækkun á niðurgreiðslu dagvistar hjá dagforeldrum, sbr. 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. desember 2017. R17120084
Vísad til meðferðar skóla- og frístundarráðs.
Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
26. Lögð fram að nýju tillaga borgarstjóra, dags. 5. desember 2017, varðandi erindisbréf stýrihóps um mótun eigendastefnu Félagsbústaða, sbr. 13. lið fundargerðar borgarráðs frá 7. desember 2017. R17110172
Samþykkt að tilnefna Sigurð Björn Blöndal, Elínu Oddnýju Sigurðardóttur og Áslaugu Friðriksdóttur til setu í stýrihópnum. Jafnframt er samþykkt að Sigurður Björn Blöndal verði formaður hópsins.
27. Lagt fram bréf borgarstjóra til dómsmálaráðherra, dags. 11. desember 2017, varðandi stöðu löggæslumála í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu. R17120064
28. Fram fer kynning á mánaðarlegu rekstraruppgjöri A-hluta fyrir janúar-október 2017. R17010086
29. Lagðar fram tillögur borgarstjóra að viðaukum við fjárhagsáætlun, dags. 11. desember 2017. R17020176
Vísad til borgarstjórnar.
30. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 12. desember 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að heimila skrifstofunni að hefja söluferli á eignarhlutum Reykjavíkurborgar í Alfabakka 12, ásamt fylgiskjöllum. R17060230
Samþykkt.
31. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 9. desember 2017, þar sem óskað er eftir að meðfylgjandi leigusamningur við Strætó bs. um Hesthals 14 verði samþykktur, ásamt fylgiskjöllum. R17120051
Samþykkt.
32. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 9. desember 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að kaupa eignarhlut Strætó bs. í Þönglabakka 4, ásamt fylgiskjöllum. R17120052
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Minnt er á tillögur Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á skiptistöðinni í Mjódd og er óskað eftir því að þeim verði hrint í framkvæmd sem fyrst, í því skyni að bæta þjónustu við farþega á þessari fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Fjölga þarf sætum í biðsal og lagfæra þau sem fyrir eru. Þá er lagt til að skiptistöðin verði opin á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. Er núverandi ástand óviðunandi þar sem biðsalurinn er lokaður á kvöldin og farþegar þurfa þá að bíða utandyra í kulda og trekki. Þá er óskað eftir því að samhliða breytingum á húsnæðinu verði áhersla lögð á gott samstarf við Íslandspóst í því skyni að tryggja áframhaldandi rekstur pósthúss í Mjóddinni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Á nýju ári er stefnt að því að opnunartími biðstöðvarinnar í Mjódd verði lengdur og þjónusta við farþega aukin. Nú þegar er Mjóddin opin til kl. 18.00 á kvöldin og nær þannig að þjónusta flesta farþega sem þangað sækja – en flestir nota strætó á morgnana og svo seinni part dags.

33. Lögð fram svohljóðandi tillaga staðgengils borgarstjóra, dags. 11. desember 2017, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi kaupsamning og afsal vegna Sævarhöfða 33 við Faxaflóahafnir. Fyrir liggur samþykki stjórnar Faxaflóahafna fyrir sölunni. Kaupin eru gerð í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu lóðar og landfyllingar í tengslum við hana. Greiðslur samkvæmt samningnum eru þrjár, allar á árinu 2018. Fyrsta greiðsla 100 m.kr. þann 15. janúar 2018, önnur greiðsla 500 m.kr. þann 1. júlí 2018 og lokagreiðsla 498,1 m.kr. þann 9. nóvember 2018, samtals 1.098,1 m.kr. Fjármunir komi af handbæru fé. Jafnframt er gert ráð fyrir að tekjur vegna lóðasölu komi á móti kaupum á síðari hluta næsta árs.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17110101
Vísad til borgarstjórnar.

34. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 11. desember 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili að gefið verði út afsal til Hverasólar ehf. vegna fasteignarinnar Síðumúli 39, ásamt fylgiskjöllum. R15110011
Samþykkt.
35. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 11. desember 2017, þar sem óskað er eftir að meðfylgjandi leigusamningur við Helga Gíslason um vinnustofusál á athafnasvæði Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi verði samþykktur, ásamt fylgiskjöllum. R17120053
Samþykkt.
36. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 8. desember 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð falli frá forkaupsrétti í fasteign og lóðarréttindi að Lambhagavegi 25, ásamt fylgiskjöllum. R17120048
Samþykkt.
37. Lagt fram bréf íþrótta- og tómstundasviðs, dags. 8. desember 2017, sbr. samþykkt íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. desember 2017 á tillögum um styrkjaúthlutun 2018 vegna viðhaldsverkefna.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. R17120060

38. Lagt fram bréf íþrótta- og tómstundasviðs, dags. 8. desember 2017, sbr. samþykkt íþrótta- og tómstundaráðs á tillögum styrkjahóps ráðsins um úthlutun styrkja íþrótta- og tómstundaráðs 2018.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. R17120059

39. Lagt fram bréf íþrótta- og tómstundasviðs, dags. 8. desember 2017, sbr. samþykkt íþrótta- og tómstundaráðs frá 8. desember 2017 varðandi afgreiðslutíma sundstaða og Ylstrandar á árinu 2018.

Ómar Einarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. R17120057

40. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. desember 2017, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 7. desember 2017 á tillögu um breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð vegna hækkunar á grunnfjárhæðum fjárhagsaðstoðar til framfærslu í samræmi við forsendur í fjárhagsáætlun 2018, ásamt greinargerð. R14120120
Samþykkt.

Elín Oddný Sigurðardóttir og Regína Ásvaldsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

41. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. desember 2017, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 7. desember 2017 á tillögu um undirbúning tilraunaverkefnis um leigu íbúða í þjónustukjörnum fyrir aldraða til háskólanema, ásamt fylgiskjöllum. R17120070
Samþykkt.

Elín Oddný Sigurðardóttir og Regína Ásvaldsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

42. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. desember 2017, sbr. samþykkt velferðarráðs frá á tillögu um aukna þjónustu við utangarðsfólk í Reykjavík, ásamt fylgiskjöllum. R17030165
Samþykkt.

Elín Oddný Sigurðardóttir og Regína Ásvaldsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

43. Lagt fram bréf velferðarsviðs, dags. 11. desember 2017, sbr. samþykkt velferðarráðs frá 7. desember á tillögu um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, ásamt fylgiskjöllum. R16100329
Samþykkt.

Elín Oddný Sigurðardóttir og Regína Ásvaldsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

44. Lagt fram bréf staðgengils borgarstjóra, dags. 12. desember 2017, varðandi skil á skýrslu stýrihóps um mótun stefnu í málefnum innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks, ásamt fylgiskjöllum. R17060134
Vísað til borgarstjórnar.

Anna Kristinsdóttir, Gerður Gestsdóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 11.00 víkja Hrólfur Jónsson, Ebba Schram, Birgir Björn Sigurjónsson og Hallur Símonarson af fundinum.

45. Fram fer kynning á skýrslu starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara. R17120086

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ýmsar þarfar tillögur er að finna í niðurstöðuskýrslu starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi í grunnskólum. Því verður þó ekki neitað að flestar þessar tillögur eru endurunnar þar sem þær hafa komið fram áður með ýmsum hætti án þess þó að hafa komist til framkvæmdar og jafnvel verið til umræðu árum saman á vettvangi skóla- og frístundaráðs og/eða skóla- og frístundasviðs. Vonandi hlýtur skýrslan ekki sömu örlög og ýmsar aðrar skýrslur sem skrifaðar hafa verið á undanförunum árum en síðan rykfallið í kerfinu án sýnilegs framgangs og þannig orðið minnisvarðar um þá kyrrstöðu sem ríkt hefur í skólamálum borgarinnar undir stjórn Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna.

Rósa Ingvarsdóttir og Skúli Helgason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

46. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Í því skyni að bæta þjónustu við strætisvagnafarþega er lagt til að sala farmiða verði tekin upp að nýju á Hlemmi, e.t.v. með sjálfsala. Jafnframt er lagt til að leiðakerfisupplýsingar verði bættar, t.d. með því að setja leiðakort upp á áberandi

stað og koma fyrir skjá þar sem hægt er að fylgjast með ferðum vagna í rauntíma. Þá er óskað eftir því að klukka verði sett upp á áberandi stað á Hlemmi.
R17120101

Frestað.

47. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að gerð verði sérstök greining á því hvernig nota megi rafrænt námsefni og rafræna kennslu í stað hefðbundinnar. Markmið greiningarinnar verði að svara spurningunni um að hve miklu leyti hægt er að leysa hefðbundna kennslu af með rafrænum hætti og minnka þannig álag á kennara. Horft verði á ólík stig grunnskólans og leikskólans. Leitað verði svara við því í hversu miklar fjárfestingar þyrfti að fara til að ná slíkum markmiðum og hvaða breytingar yrðu á skólastarfinu.
R17120102

Frestað.

48. Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hver væri launakostnaður í leikskólum Reykjavíkurborgar annars vegar og á frístundaheimilunum hins vegar hefðu þessar einingar verið fullmannaðar á árinu 2017? R17120103

Fundi slitið kl. 12.15

Sigurður Björn Blöndal

Elsa Hrafnhildur Yeoman
Kjartan Magnússon
Kristín Soffía Jónsdóttir

Áslaug María Friðriksdóttir
Líf Magneudóttir
Halldór Auðar Svansson